

Umhverfisnefnd Alþingis
Unnur Kristín Sveinbjarnardóttir
Alþingi v/Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 15. apríl 2008
2008030013/42-1-3
JGO/jgo

Efni: Þingsályktun um óháð áhættumat vegna þriggja virkjana í Þjórsá, 52. mál

Vísað er til bréfs umhverfisnefndar Alþingis, dags. 13. mars sl. þar sem óskað er eftir álitni Náttúrufræðistofnunar Íslands á tillögu til þingsályktunar um óháð áhættumat vegna Urriðafossvirkjunar, Holtavirkjunar og Hvammsvirkjunar í Þjórsá (52. mál).

Náttúrufræðistofnun telur að umræddar virkjanir muni hafa töluverð umhverfisáhrif, verði af byggingu þeirra. Virkjanirnar eru matsskyldar og er áhættumat hluti af mati á umhverfisáhrifum, sbr. 9. gr. laga nr. 106/2000, sem framkvæmdaraðili ber ábyrgð á og kostar. Stofnunin efast ekki um að framkvæmdaraðili muni uppfylla þessa lagaskyldu, en telur að það geti verið til bóta að fram fari óháð áhættumat með vísun til nálægðar við byggð og jarðfræði svæðsins og skjálftavirkni.

Virðingarfyllst

Jón Gunnar Ottósson
forstjóri

